Svarad 16/3
lofad ad taka pátt á hálfu á
töpudum bókum, ef ekki er biblian)

Hödrudal 18. Januar 1861

Velædla elskul. Vinur minn og Velgjörari!

Alúdliga þakka eg ydur, ydar elskuliga vinar tilskrif frá 16 Növem. f á, ásamt öllu ógleimaliga elskuliga vid mig frá þvi fyrsta alt til þessa. Mér þótti vænt-um ad þessir lengi af mér lofudu 60 Rd. gátu komist til ydar med godum skilum, og sömu leidis þykir mér mikid gott ad þér gerid upp reikníng okkar, þvi eg er latur ad taka á penna og geri þad heldur aldrei nema i fullar naudsynjar. Litid hefur selst sídan af þessum kverum sem nú liggja hjá mér, og sumu af þvi mun eg vera hreinliga búin ad tapa, þar madur hefir dáid sem sem tók af mér nokkur kver til sölu, eg geri samt á end anum full skil fyrir þvi sem eg get ekki til ydur sent þegar útséd er um þad gangi ekki út,

Bibliurnar komu 16 med haustskipinu á Vopnafjörd og 10 Smasögur Þrófesorsins, en þad var nú meinid um Smásögurnar ad þær máttu heita komnar á hvern bæ Tinsen hafdi þær sem adra höndlunar Vörur og mátti fá þær fyrir annad en peninga. þó eru þær festar útgengnar, og Bibliurnar verda allar seldar i Vor, og likliga til mín borgadar. Eg gerdi sád fyrir i bréfi til ydar á aflidnu Sumri ad eg mundi (da Vetri) geta komid ut einum 8 Biblium fyrir utan þessar, eg er nú seindar i Vafa um þetta, af þvi fáeinir hafa brugdist mér, þó atla eg ad þad muni mega standa vid þad ad þær komi, ef